

Skýrsla sveitarstjóra

Fundur sveitarstjórnar Borgarbyggðar þann 9. mars 2017

Samantekt þessi þjónar þeim tilgangi að upplýsa sveitarstjórnarfulltrúa Borgarbyggðar um verkefni sem eru í vinnslu á skrifstofu Borgarbyggðar á hverjum tíma eða tengjast starfinu þar á einhvern hátt. Listinn er ekki tæmandi. Frekari upplýsingar um einstök mál veitir sveitarstjóri.

1. Unnið er að verðmati á Orkuveitu Reykjavíkur eins og samþykkt var af öllum eigendum OR undir lok síðasta árs. Rýnihópurinn sem samanstendur af undirrituðum, Birgi Birni Sigurjónssyni fjármálastjóra Reykjavíkurborgar og Jóhanni Þórðarsyni endurskoðenda Akranesbæjar hefur fundað nokkrum sinnum með starfsmönnum Orkuveitunnar í þeim tilgangi að afla upplýsinga um stöðu fyrirtækisins. Með hópnum starfar Einar Bjarki Gunnarsson starfsmaður fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Verið er að leggja síðustu hönd á ársreikning OR og munu upplýsingar úr honum verða notaðar við verðmatið. Stefnt er að því að vinnu hópsins verði lokið fyrir lok maí.
2. Á vegum Borgarbyggðar hefur verið unnið að því á liðnum mánuðum að halda fram sjónarmiðum margra dreifbýlissveitarfélaga varðandi afgreiðslu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á tekjum sjóðsins vegna bankaskattsins svokallaða. Þann 13. febrúar sl. var sent bréf til innanríkisráðherra með undirskrift 11 sveitarfélaga sem safnað var í þeim tilgangi að halda fram því sjónarmiði viðkomandi sveitarfélaga að umræddar tekjur Jöfnunarsjóðs verði greiddar eftir reglum um útgjaldajöfnunarframlag. Erindið var einnig kynnt fyrir Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Niðurstaða liggur ekki fyrir hjá ráðherra varðandi þetta mál en afgreiðslu þess hjá ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðsins hefur ítrekað verið frestað.
3. Á undanförunum mánuðum hefur verið að útfærslu á hvernig leikskólanum að Hnoðrabóli í Reykholtsdal verði komið fyrir við Grunnskólann á Kleppjárnsreykjum. Mikil þörf er fyrir að endurbæta húsnæði leikskólans sem er orðið of lítið og samræmist ekki kröfum tímans. Lagðar hafa verið fram ýmsar hugmyndir í þessu sambandi. Kostnaðarmat varðandi þá útfærslu sem unnið hefur verið með nú á seinni stigum verður lagt fram á næstu dögum.
4. Unnið hefur verið að útfærslu hönnunar á viðbyggingu á Grunnskóla Borgarness, skipulagsmálum á byggingarreit grunnskólans og öðru sem tengist þessu stóra verkefni. Í undirbúningi er kynningarfundur fyrir starfsfólk og foreldra þar sem útfærsla á viðbyggingunni verður kynnt svo og þær breytingar á húsnæði grunnskólans sem fyrirhugaðar eru í tengslum við byggingu viðbyggingarinnar. Hann verður haldinn að kvöldi þess 20. mars. n.k. í Hjálmakletti.
5. Unnið hefur verið að framkvæmd bókunar 1 í kjarasamningi sem gerður var milli Sambands sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara í lok nóvember sl. Haldinn var fundur hér í ráðhúsinu með forstöðumönnum þar sem kynntar voru þær samþykktir sem unnið verður eftir. Á mánudag og þriðjudag í þessari viku voru síðan haldnir vinnufundir með kennurum í Grunnskóla Borgarfjarðar að Kleppjárnsreykjum og í Grunnskóla Borgarness þar sem unnið var eftir þjóðfundarfyrirkomulagi. Unnið var út frá fjórum meginþáttum sem voru starfið, starfsemin, vinnuumhverfið og stjórnun. Fundirnir tókust vel og verður nú unnið úr niðurstöðunum. Að lokum verður síðan unnin skýrsla fyrir landið allt þar sem koma fram helstu sjónarmið kennara á landsvísu. Lögð var á það rík áhersla að þetta starf væri tekið alvarlega og unnið verður eftir þeim niðurstöðum sem koma fram úr fundunum.
6. Fundað hefur verið tvisvar í stýrihóp um Heilsueflandi samfélag. Mjög áhugaverðar umræður hafa átt sér stað í því sambandi og ánægjulegt að verða vitni að því að það er farið að taka mið af þessari stefnumörkun í tengslum við margháttða umræðu um einstök málefni.

7. Þann 20. febrúar sl. var haldinn kynningarfundur á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðuneytisins um drög að fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar sem unnin er í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál sem samþykkt voru í árslok 2015. Á fundinum voru kynnt drög að fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar ásamt niðurstöðum vinnuhóps sem vann á vegum innanríkisráðuneytisins. Verkefni hans var að fara yfir fjármálareglur sveitarfélaga sem eru formaðar í sveitarstjórnarlögum. Fram kom að ekki er einhugur milli sambandsins og fjármálaráðuneytisins um þær hugmyndir sem hafa verið ræddar. Sem dæmi má nefna að hugmyndir hafa verið settar fram um að sveitarfélögin eigi að setja fram ársreikninga sína í formi þjóðhagsreikninga þannig að jöfnuður í rekstri eigi að taka mið af tekjum annars vegar og rekstrarkostnaði og fjárfestingum hins vegar. Einnig kom það fram í máli fjármálaráðherra að það geti þurft að setja skorður við fjárfestingum sveitarfélaga til að halda jöfnuði í opinberum fjármálum. Það liggur fyrir að slíkar breytingar myndi hafa mikil áhrif á fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga. Á fundinum kom fram töluverð gagnrýni á framkomnar hugmyndir. Full ástæða er fyrir sveitarfélögin að halda vöku sinni í þessum efnum.
8. Síðar sama dag héldu þingmenn kjördæmisins fund með fulltrúum sveitarfélaga á Vesturlandi í Landnámssetrinu. Á fundinum var mikið rætt um á hvern hætt ætti að haga samræðunni milli fulltrúa sveitarfélaganna og þingmanna kjördæmisins þannig að sem mestur árangur næðist í að þoka framfaramálum í héraðinu áfram. Í grófum dráttum má segja að það sé hvernig staðið varði að uppbyggingu og þróun grunnkerfanna þriggja sem skiptir höfuð máli hvernig þróun samfélagsins verður. Þessi grunnkerfi eru samgöngumál, þriggja fasa rafmagn og ljósleiðaratengingar. Auðvitað má alltaf draga fram staðbundnar áherslur um einstök verkefni hjá einstökum sveitarfélögum en þessi atriði skipta meginmáli um hvernig heildarþróunin verður.
9. Haldnir hafa verið tveir óformlegir fundur meðal sveitarstjórnarfulltrúa, lögfræðinga og staðkunnuga heimamanna sem unnið hafa að þjóðlendumálum í sveitarfélaginu. Á þeim var farið yfir þá vinnu sem hefur átt sér stað varðandi öflun gagna og mat lagt á hvaða sóknarfæri eru í því að höfða mál til ógildingar úrskurði óbyggðarnefndar. Tímafrestur þar að lútandi er til miðs apríl. Lögfræðingar þeir sem unnið hafa að þessum málum munu taka saman minnisblað um hvar eru mest sóknarfæri í málshöfðun gegn úrskurði nefndarinnar.
10. Þann 28. febrúar sl. var undirritaður samningur milli þeirra sveitarfélaga sem fengu úthlutun úr Fjarskiptasjóði í janúar sl. og samgönguráðherra og formanns nefndar um Ljósleiðaravæðingu landsins. Borgarbyggð fékk styrk til að tengja 12 tengipunkta í Andakíl og var það nokkru minna en vonast hafði verið eftir. Verið er að útfæra samstarfi við Skorradalshrepp í því sambandi þar sem það er báðum hagfelld. Guðmundur Daníelsson ráðgjafi hefur unnið að hönnun ljósleiðaranets fyrir Borgarbyggð að undanfögnu. Hann kynnti stöðu verksins á fundi með sveitarstjórnarfulltrúum og fleirum nú fyrr í vikunni. Næsta skref í þeirri vinnu er að hafa samband við staðkunnuga einstaklinga vítt og breytt um sveitarfélagið til að sannreyna þær upplýsingar sem unnið hefur verið eftir og safna saman þeim upplýsingum um líklega tengipunkta sem mögulega vantar. Hafist verður handa við það verkefni á næstunni. Þar á eftir verður farið að stika út þær leiðir sem leiðarinn verður lagður. Að því loknu tekur sveitarstjórn formlega ákvörðun um næstu skref í verkefninu. Rarik hefur einnig haft samband til að kanna möguleika á að samnýta þá jarðvinnu sem Rarik stendur fyrir í ár í sveitarfélaginu í sambandi við lagningu rafstrengja í jörð.
11. Á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga og Samtaka ferðapjónustunnar var haldið málþing í síðustu viku um stöðu ferðapjónustunnar. Þar kom margt athyglisvert fram sem lýsir þeirri stöðu sem ríkir víða um land vegna þeirra öru þróunar sem er í greininni. Skipulagsmál eru víða mjög erfið þar þar sem þau eru tímafrek og víða mörg sjónarmið sem þarf að taka tillit til. Mikil óánægja er víða með vetrarþjónustu vegagerðarinnar gagnvart fjölsóttum ferðamannastöðum. Ferðapjónustan er ekki lengur atvinnugrein sem starfar þrjá mánuði á

sumrin. Hún er heilsársatvinnugrein og aukningin hefur orðið einna mest í vetrarferðum. Því er það úr takti við þróun greinarinnar að það skuli einungis haldið uppi tveggja daga snjómokstri á fjölförnum leiðum á veturna eða snjómokstri og annarri vetrarþjónustu jafnvel ekki sinnt þegar komið útfyrir alfaraleiðir. Mikla nauðsyn ber til að koma betra skipulagi á þróun ferðaþjónustunnar þannig að hún þróist ekki stjórnlítið og starfi í sátt við umhverfið og íbúana á hverjum stað. Nýr ferðamálaráðherra á mikið verk fyrir höndum. Unnið er að svæðisbundnum skipulagsáætlunum fyrir ferðaþjónustu í einstökum landshlutum og tekur Hrafnhildur Tryggvadóttir þátt í því starfi fyrir okkar hönd hvað Vesturland varðar.

12. Á fundi byggðarráðs um miðjan febrúar var samþykkt að hefjast handa við vinnu við uppsetningu að öryggisstefnu fyrir tölvukerfi sveitarfélagsins. Verið er að ganga frá samningi við sérfræðing í þeim efnum til að leiða starfið. Einnig hefur byggðarráð samþykkt að leggja vinnu í skráningu og uppsetningu verkferla á skipulags og byggingarsviði. Hér eru stigin fyrstu skrefin í skráningu vinnuferla og uppsetningu gæðahandbókar fyrir starfsemi sveitarfélagsins. Slík vinna er örugglega misjafnlega stödd hjá sveitarfélögum landsins en mikilvægi hennar er ótvírætt til að auka skilvirkni, skerpa vinnulag og tryggja yfirfærslu þekkingar milli starfsmanna.
13. Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu hefur vaxið á undanförunum mánuðum. Að undanförunu hefur t.d. verið úthlutað nokkrum byggingarlóðum á Hvanneyri og einnig seljast hús þar um leið og þau koma á sölu. Ánægjulegt er til þess að vita að áhugi fyrir búsetu á Hvanneyri hefur þróast í þessa vegu. Í því sambandi má einnig minna á að mikil þörf er fyrir íbúðarhúsnæði í tengslum við þá miklu uppbyggingu sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustu í uppsveitum Borgarfjarðar. Eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði í Borgarnesi hefur einnig vaxið, hvort sem er til kaups eða leigu og er svo komið að þröngt er orðið á húsnæðismarkaði. Hér hefur átt sér stað mikil breyting á tiltölulega skömmum tíma.
14. Vinnuhópur um stefnumörkun varðandi fjölfarna ferðamannastaði er að ljúka störfum og mun hann leggja fram samantekt um starf hópsins fyrir næsta byggðarráðsfund.
15. Þann 17. febrúar sl. var dansað í hádeginu í salnum í Hjálmakletti í tilefni af degi UN Women þar sem lögð var áhersla á nauðsyn þess að berjast gegn ofbeldi gagnvart konum. Þessi viðburður var haldinn í fyrsta sinn í Borgarnesi í ár og heppnaðist hann mæta vel. Starfsfólk ráðhússins átti sterka innkomu í hádegisdansinum en einnig var vel mætt úr grunnskóla Borgarness og úr menntaskólanum.
16. Lífshlaupið heitir viðburður sem ÍSÍ skipuleggur í febrúarmánuði ár hvert. Markmið þess er að vekja almenning til vitundar um mikilvægi hreyfingar fyrir heilsuna og almenna vellíðan. Starfsfólk nokkurra stofnana Borgarbyggðar tók virkan þátt í þessum viðburði sem jók samheldni, styrkti starfsandann og var hvatning til útiveru og hreyfingar. Nemendahóp í Grunnskóla Borgarness var einnig send viðurkenning frá ÍSÍ fyrir öflugna þátttöku.
17. Undirbúningur fyrir 150 ára verslunarafmæli Borgarness er á lokastigi. Afmælisnefndin hefur unnið mikið og gott starf við undirbúninginn. Á afmælinu miðvikudeginum 22. mars verður haldinn hátíðarfundur sveitarstjórnar í Kaupangi, opnuð verður ljósmyndasýning í Safnahúsinu ásamt fleiri viðburðum. Síðan er unnið að undirbúningi afmælisfagnaðar í Hjálmakletti þann 29. apríl n.k. þar sem íbúum samfélagsins verður boðið til hátíðar í tilefni þessara tímamóta. M.a. mun forseti Íslands heiðra samkomuna með nærveru sinni. Þá verður afmælisritið um Sögu Borgarness kynnt en það verður þá komið úr prentun.
18. Að lokum má geta þess að nýráðinn mannauðsstjóri sveitarfélagsins, Ingibjörg Guðmundsdóttir, hóf störf nú í vikunni. Hún er boðin velkomin til starfa og er vænst mikils af störfum hennar.